



Nefndasvið Alþingis  
B.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Sent á nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 20. apríl 2022

**Efni: Umsögn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 70/2020 og lögum nr. 98/1999.**

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 70/2020, um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, og lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta (hér eftir vísað til sem „**frumvarpsins**“), sem fjármála- og efnahagsráðherra lagði fram á Alþingi þann 30. mars síðastliðinn. Frumvarpinu var vísað til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þann 7. apríl.

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar, dagsettu 8. apríl síðastliðinn, var Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta (hér eftir vísað til sem „**TIF**“ eða „**sjóðsins**“) gefinn kostur á að koma skriflegum athugasemdum við frumvarpið á framfæri við nefndina.

Tekið skal fram að TIF veitti umsögn um drög að lagafrumvarpi þessu, sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda fyrr á árinu, þar sem gerðar voru athugasemdir við tiltekin ákvæði frumvarpsdraganna. Umrædd ákvæði standa efnislega óbreytt í frumvarpinu frá frumvarpsdrögunum og telur sjóðurinn því nauðsynlegt að áréttu fyrri athugasemdir í umsögn þessari.

Í *fyrsta lagi* vekur TIF athygli á 10. gr. frumvarpsins sem gerir ráð fyrir að lögfest verði ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 70/2020 þess efnis að stjórn sjóðsins skuli „eigi síðar en fyrir ársloks 2022 færa 26,3 milljarða kr. úr innstæðudeild sjóðsins í skilasjóð“. Ekki er skýrlega kveðið á um það í umræddu ákvæði hvort gert sé ráð fyrir tilfærslu fjármuna á öðru formi en í peningum en í því sambandi skal tkeið fram að nær allar eignir innstæðudeildar TIF eru bundnar í fjármálagerningum hjá eignastýrendum sjóðsins. Af athugasemdum við ákvæði þetta í frumvarpinu má þó ráða að gert sé ráð fyrir tilfærslu eigna úr innstæðudeild sjóðsins í skilasjóð með þeim hætti að hluti eigna innstæðudeildar verði í reynd færður til bókar sem eign skilasjóðs. Hins vegar væri það æskilegt, að mati TIF, til þess að fyrirbyggja allan vafa, að það kæmi fram með skýrum hætti í fyrrgreindu frumvarpsákvæði að tilfærslan mætti fara fram með fjármálagerningum og hvernig staðið skyldi að verðmati á þeim og við hvaða tímapunkt slíkt verðmat skyldi miðast.

Þá telur TIF í *öðru lagi* ríkt tilefni til þess að fara nokkrum orðum um þær breytingar sem lagðar eru til á 4. gr. laga nr. 98/1999, um samsetningu og skipan stjórnar sjóðsins, í 14. gr. frumvarpsins. Þannig er lagt til í umræddu ákvæði frumvarpsins að stjórn sjóðsins skuli skipuð fjórum einstaklingum, í stað sex áður, þar sem einn skuli skipaður samkvæmt tilnefningu frá Samtökum fjármálafyrirtækja, einn samkvæmt tilnefningu frá Seðlabanka Íslands og tveir af ráðherra án



tilnefningar. Í umfjöllun í greinargerð kemur fram að annar þeirra síðastnefndu skuli vera formaður stjórnar. Því til viðbótar er lagt til að einfaldur meiri hluti atkvæða ráði úrslitum á stjórnarfundum en falli atkvæða jöfn skuli atkvæði formanns ráða úrslitum.

Breytingartillögur þessar gera, eins og áður segir, ráð fyrir því að tveir stjórnarmenn af fjórum verði tilnefndir af ráðherra og þar af verði annar þeirra formaður stjórnar en atkvæði formanns skal ráða úrslitum falli atkvæði stjórnarmanna jöfn. Umræddir stjórnarmenn munu þannig í reynd geta, í krafti atkvæðavægis stjórnarformanns, ráðið mál til lykta með atkvæðum sínum á stjórnarfundum. Auk þess skipar Seðlabanki Íslands, sem er ríkisstofnun að lögum, þriðja stjórnarmanninn af fjórum.

Nái umræddar tillögur fram að ganga kann mögulega að skapast hætta á því, að mati TIF, að lítið verði svo á að sjóðurinn hafi fremur einkenni ríkisstofnunar en sjálfseignarstofnunar, burtséð frá yfirlýstu rekstrarformi sjóðsins sem sjálfseignarstofnun.

Í þessu sambandi er skemmt að minnast ágreinings Eftirlitsstofnunar EFTA („ESA“) og íslenska ríkisins fyrir EFTA-dómstólum í máli nr. E-16/11, Icesave-málinu svonefnda, en þar hélt ESA því fram að TIF væri afsprengi íslenska ríkisins (e. *an emanation of the Icelandic State*) og ríkið bæri þar af leiðandi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. EFTA-dómstóllinn taldi að eins og málalíbúnaði ESA væri hagað hefði það ekki þýðingu fyrir úrlausn málsins hvort TIF væri „an emanation of the Icelandic State“. Engu að síður var sérstaklega tekið fram í dómi dómstólsins að sú málsástæða teldist ekki sönnuð af hálfu ESA.

Velta má því upp hvort það hefði haft áhrif á úrlausn fyrrgreinds máls ef ESA hefði lagt aðra og meiri áherslu í málalíbúnaði sínum á málsástæðu þessa og stjórnskipulag TIF hefði verið með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu sem er hér til umfjöllunar.

Enn fremur var vikið að álitaefni þessu í greinargerð með frumvarpi til heildarlaga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta sem lagt var fram á 139. lögjafarþingi á árinu 2010 en dagaði uppi. Þar var lagt til að stjórn TIF yrði skipuð þremur mönnum sem væru skipaðir af ráðherra, þar af einum án tilnefningar, einum tilnefndum af Seðlabanka Íslands og einum tilnefndum af samstarfsnefnd háskólastigsins. Um það sagði í greinargerðinni (letur- og áherslubreytingar eru undirritaðs):

*Framangreint fyrirkomulag við skipun stjórnarmanna þykir vel til þess fallið að tryggja óháða og vel starfhæfa stjórn sem starfi með hagsmuni sjóðsins og þeirra sem honum ber að veita tryggingavernd í fyrirrúmi. **Væri meiri hluti stjórnarmanna skipaður af ráðherra án tilnefningar er hætta á að ásýnd sjóðsins væri sú að mikil og nán tengsl væru á milli ríkisins og stjórnar tryggingarsjóðs. Slíkt gæti dregið úr vægi sjóðsins sem sjálfstæðrar og óháðrar stofnunar.***

Samkvæmt því sem að framan er rakið verður ekki annað séð en að tillaga um skipan og samsetningu stjórnar TIF í frumvarpinu feli í reynd í sér að stjórnarmenn sem skipaðir verði af ráðherra án tilnefningar geti farið með meirihluta atkvæða á stjórnarfundum. Slíkt fyrirkomulag væri til þess fallið að draga úr vægi sjóðsins sem sjálfstæðrar og óháðrar sjálfseignarstofnunar og skapa hættu á því að ásýnd sjóðsins verði með þeim hætti að hann hafi fremur einkenni ríkisstofnunar.

Að mati TIF mætti meðal annars draga úr hættu af framangreindu með því að kveða svo á um í umræddu ákvæði 4. gr. laga nr. 98/1999 að formaður stjórnar, sem lagt er til í frumvarpinu að fari



með úrslitaatkvæði ef atkvæði falla jöfn á stjórnarfundum, sé óháður – þ.e. ekki starfsmaður ríkisins.

Í *þriðja lagi* bendir TIF á að samkvæmt 1. mgr. 4. gr. gildandi laga nr. 98/1999 er stjórn sjóðsins skipuð til tveggja ára í senn og er skipan stjórnar kunngjörð á aðalfundi sjóðsins annað hvert ár, nú síðast á aðalfundi þann 10. mars síðastliðinn. Sjóðurinn telur það æskilegt ef kveðið væri á um skipan nýrrar stjórnar, í samræmi við breytta stjórnarsamsetningu, í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 98/1999 til þess að tryggja að sjóðurinn hafi starfhæfa stjórn í framhaldi af þeim lagabreytingum sem fyrirhugaðar eru.

Þá vill TIF í *fjórða lagi* vekja athygli efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis á því að í lögum nr. 98/1999, eins og lagt er til að þeim verði breytt með frumvarpinu, verður ekki að finna nein úrræði eða viðurlög í þeim tilfellum þegar aðildarfyrirtæki sjóðsins, hvort sem er að innstæðudeild eða verðbréfadeild hans, vanrækja upplýsingagjöf til sjóðsins. Verður það úrræði sem varðar greiðslur til innstæðudeildar og er nú að finna í 10. mgr. 5. gr. b. laganna þýðingarlaust verði frumvarpið að lögum. Að mati TIF væri eðlilegt að lög nr. 98/1999 kvæðu skýrt á um nánar tilgreind úrræði þegar upplýsingagjöf til sjóðsins er vanrækt, enda eru ýmsar upplýsingar sem aðildarfyrirtækin veita sjóðnum, svo sem um tryggðar innstæður, umfang verðbréfavíðskipta og fjölda viðskiptareikninga, beinlínis nauðsynlegar til þess að sjóðurinn geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu.

Undirritaður veitir fúslega frekari upplýsingar um ofangreindar athugasemdir sé eftir því leitað og er auk þess reiðubúinn til þess að koma til fundar við nefndina.

Virðingarfyllt,

Brynjar Kristjánsson,  
framkvæmdastjóri